

Laxar Fiskeldi ehf.
Kristján Ingimarsson - Eskifirði
Hlíðasmára 4
201 Kópavogur

Reykjavík, 18. nóvember 2019
UST201901-258/gf
08.12.02

Varðar eftirlit 2019 - Laxar fiskeldi - Reyðarfjörður

Þann 26. september sl. fór fram eftirlit í fiskeldi Laxa fiskeldis ehf. á Reyðarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.


Ábending var gerð um að uppfæra þurfi vöktunaráætlun félagsins vegna fiskeldisins.

Þrjú frávík frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirliti. Brugðist hefur verið við vegna tveggja frávíka og er frávíkunum lokað. Eitt frávík er enn opið en það snýr að grein 3.3 í starfsleyfinu en þar er krafa um að rekstraraðili taki saman ársyfirlit vegna ársins á undan og þar skulu koma fram samantekt á niðurstöðum mælinga og skráninga.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 11. desember 2019.

Virðingarfyllst,


Gottskálk Friðgeirsson


Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Afrit:

Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila: Laxar fiskeldi ehf.	Dags. eftirlits: 26.9.2019	Staðsetning stöðvar: Reyðarfjörður	Brottfallinn starfsleyfisflokkur: 2
Kennitala rekstraraðila: 621205-1370	Gildistími starfsleyfis: 31. janúar 2028	Kvittun afhend: Já, 26. 9. 2019	Gerð stöðvar: Sjókvíaeldi

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Í starfsleyfi Laxa ehf. er leyfi fyrir þremur staðsetningum, á Gripalda, við Sigmundarhús og Bjarg. Sett var út í Gripalda árið 2017 og árið 2018 í Sigmundarhús og 2019 í Bjarg. Búið er að slátra upp úr Gripalda og svæðið í hvíld.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Engar breytingar eru ráðgerðar fyrr en nýtt starfsleyfi verður gefið út með staðsetningum að Rífskeri, Hafnarnesi, Kolmúla og Vattarnesi. Nota FishTalk.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Í FishTalk eru allar upplýsingar um laxinn skráðar frá hrognum til slátrunar og upplýsingarnar þar geymdar til frekari úrvinnslu, bæði til að fylgjast með framgangi eldisins og til þess að gera áætlanir. Skráð er reglulega heilbrigðiseftirlit, meðalþyngdir, fóðurmóttaka og slátranir. Út frá FishTalk eru svo allar áætlanir gerðar.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		X		Ársyfirlit fyrir 2018 hefur ekki borist. Það er frávik frá kröfum í starfsleyfi. Heimilt er að skila ársyfirliti með grænu bókhaldi en enn vantar upp á að allar tilskyldar upplýsingar hafi borist. Samantekt skráninga á afföllum í eldinu, útreikningar á fosfór (kg/framleitt tonn), þjálfun starfsmanna o.fl. vantar í græna bókhaldið til þess að hægt sé að líta á það sem ársyfirlit. Eins skal vera samantekt á óhöppum og bilunum og á hreinsun og viðhaldi á mengunarvarnarbúnaði.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?		X		Skýrslur um grænt bókhald og útstreymisbókhald bárust þann 17. maí sl. Þar sem skiladagur er 1. maí (settur með reglugerð) þá er þetta frávik frá kröfum í starfsleyfi. Frávikinu er lokað þar sem skýrslur hafa nú borist.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíældi

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)		X		Viðbragðsáætlun dagsett 31.12.2016 er í notkun hjá rekstraraðila. Einnig var skoðuð ódagsett viðbragðsáætlun frá RORUM sem ekki hefur verið kláruð. Samkvæmt kröfum í starfsleyfi skal gera áhættumat sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I B í lögum nr. 33/2004, lög um varnir gegn mengun hafs og stranda. Byggja skal viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar á niðurstöðum þessa áhættumats. Viðbragðsáætlun sem uppfyllir kröfur laga nr. 33/2004 hefur ekki borist Umhverfisstofnun og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi. Áætlanir um frágang vegna tímabundinnar og/eða varanlegrar rekstrarstöðvunar liggur fyrir.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Ekki er krafa um samráðsfund í starfsleyfi.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Rekstraraðili lagði fram vátryggingaskirteini vegna bráðamengunar fyrir fiskeldið í Reyðarfirði.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Dauðfiskur fer í meltu um borð í fóðurprömmum og ef þarf, í fóðurgerð sem sláturhúsið á Djúpavogi rekur. Ekki er gert ráð fyrir urðun dauðfisks í íslenskum urðunarstöðum. Uppfæra þarf tengiliði í neyðaráætlun vegna massadauða.
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Umhverfisstjórnunarkerfi er ekki krafa en æskilegt. Rekstraraðili hefur Global-Gap vottun á starfsemi sinni. Umhverfismarkmið eru í gæðahandbók. Mælanleg umhverfismarkmið eru æskileg í fiskeldi.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Notaður er tölvubúnaður sem stýrir fóðrun. Fóðurkerfið Vard er notað á Sigmundarhúsum en Akva Connect á Bjargi. Útreiknað fóðurmagn er afgangið frá fóðurpramma sem hámarkar fóðurnýtingu.
Er skráning á losun fósífró og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			P skal útreiknuð út frá fóðurgjöf. Í ársyfirliti skal fjalla um losun sem kg/tonn af framleiddum fiski. Senda skal gögn um losun fósífró með ársyfirliti.

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaeldi**

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Hvernig er fylgst með uppsöfnun fódurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?	X			Með vöktun í firðinum. Mjög snyrtilegt og engin brák né fuglager.
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?	X			Já
Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?	X			Gripaldi er tóm og í hvíld. Í Sigmundarhúsum eru 11 kvíar í notkun (ummál 160 m) með um 1,5 milljón fiska, meðalþyngd 3,5 kg. Á Bjargi eru 16 kvíar í notkun (ummál 160 m) með um 2,1 milljón fiska, meðalþyngd 700 grömm.
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?				Slátrun úr kvíum í Sigmundarhúsum hófst 15. september 2019 Slátrað verður hjá Búlandstindi ehf. á Djúpavogi. Sláturhúsið heyrir ekki undir starfsleyfi Laxa fiskeldi ehf. Næsta útsetning verður í Gripalda í byrjun júní 2020.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka?	X			Sjósýni eru tekin auk sýna af botnseti. Skýrsla með niðurstöðum vöktunar er gefin út.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Verktaki sér um meðhöndlun úrgangs. Dauðfiskur er settur í meltu um borð í fóðurpramma félagsins.
Er umhverfsvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			Útfæra þarf vöktunaráætlun þannig að hún taki til allra þriggja staðsetninga rekstraraðila sem starfsleyfið tekur til. Í vöktunaráætlun rekstraraðila er fjallað um Gripalda og fram kemur að metið verði hverju sinni hversu margar stöðvar verða valdar og á hvaða staðsetningar verður farið. Lagt er til að vöktunaráætlunin verði fastari í forminu og sýnatökustaðir og staðsetningar verði skilgreinar. Til þess að meta áhrifin þarf að vera hægt að bera vöktunarmælingar saman við skýrslu um grunnástand svæðisins. Vakta skal dreifingu á losun mengunar til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar. Lagt er til að skýrsla um vöktun berist árlega með öðrum gögnum fyrir 1. maí.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaelði

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	X			Gripaldi er í hvíld eftir fyrstu útsetningu. Vöktunarskýrsla mun berast þegar úrvinnsla úr gögnum um áhrif fyrsta eldishópsins á botn og viðtaka lýkur.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			2019 Efnamælingar í sjó og botnseti Já RORUM

Niðurstöður síðasta eftirlits:


Síðast var komið í eftirlit á árinu 2017 og þá voru gerðar athugasemdir (frávik) við að ljúka þyrfti skilum á gögnum til Umhverfisstofnunar. Öll gögn hafa nú borist og því hefur öllum eldri frávikum verið lokað.

Samantekt:	<p>Starfsemi hófst árið 2017 í Gripalda en í Sigmundarhúsum árið 2018 og Bjargi árið 2019. Slátrun hófst í Gripalda á árinu 2018 og lauk snemma árs 2019.</p> <p>Fjallað var um útsetningar seiða, slátrun og hvíld svæði.</p> <p>Farið var yfir nýja aðferð Umhverfisstofnunar til þess að ákvarða tíðni eftirlits hjá fiskeldisfyrirtækjum. Aðferðin byggir á ákvæði í 57. gr. í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.</p> <p>Farið var yfir starfsleyfi, frá 19. janúar 2012 og kröfur sem það setur.</p> <p>Fyrir skulu liggja <u>áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar</u>, <u>neyðaráætlun</u> vegna massadauda eða óvæntrar stöðvunar á rekstri, <u>viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar</u> og <u>vöktunaráætlun</u>. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um <u>breytingar í rekstri</u>, um <u>flutning kvía</u>, <u>um upphaf og lok hvíldar á staðsetningu</u> og ef upp koma <u>mengunaróhöpp</u>. Senda skal til Umhverfisstofnunar skýrslur um grænt bókhald, útstreymisbókhald og skýrslu um niðurstöðu vöktunar.</p> <p>Skráningar á eftirlitsþáttum er færðar í tölvukerfi rekstraraðila og unnið upp úr þeim gögnum skýrslur sem skila ber. Í tölvukerfinu FishTalk eru allar upplýsingar um laxinn skráðar frá hrognum til slátrunar og upplýsingarnar þar geymdar til frekari úrvinnslu, bæði til að fylgjast með framgangi eldisins og til þess að gera áætlanir.</p> <p>Farið var yfir gögn um innkaup og notkun mengandi efna. Engin lyf eru notuð í eldinu.</p> <p>Úrgangur er flokkaður í gáma við höfnina á Djúpavogi og verktaki sér um flutninga á úrganginum til viðurkenndra móttökuaðila.</p> <p>Allur búnaður virkaði nýr og heillegur og starfsfólk vel að sér um málefni fiskeldisstöðvarinnar.</p> <p>Þrjú frávik frá kröfum í starfsleyfi voru skráð.</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Ársyfirlit fyrir 2018 hefur ekki borist. 2. Grænt bókhald og útstreymisbókhald sem á að skila fyrir 1. maí ár hvert barst of seint. Gögnum hefur verið skilað og frávikinu lokað. 3. Viðbragðsáætlun sem byggir á áhættumati skal aðgengileg eftirlitsaðila. Ljúka þarf vinnu við viðbragðsáætlun og gefa hana út. Verkinu er lokið og frávikinu hefur verið lokað.
-------------------	--

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaldi

	<p>Rekstraraðila er bent á að endurskoða þarf vöktunaráætlun, heimfæra hana upp á allar staðsetningar eldisins, og bæta við sýnatökuáætlun fyrir allar staðsetningar. Þar sem líkur eru á að Laxar ehf. muni á næstu mánuðum bæta við fjórum nýjum staðsetningum með nýju starfsleyfi í firðinum gæti verið hagræði af því að gefa út eina vöktunaráætlun sem nær yfir allar staðsetningar í Reyðarfirði.</p> <p>Rekstraraðila er bent á hagræði þess að setja dagsetningar og útgáfunúmer á útgefnar áætlanir sem notaðar eru.</p>
Annað:	Bæklingur um mælanleg umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.

Undirskrift eftirlitsmanns:



EFTIRLITSSKÝRSLA

Laxar Fiskeldi ehf. Reyðarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	26.9.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Laxar Fiskeldi ehf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Akralind 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6212051370	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján Ingimarsson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík frá kröfum í starfsleyfi fundust og tvær ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit í Laxar Fiskeldi ehf. fór fram 26. september sl. Eftirlitið hófst á fundi á skrifstofu fyrirtækisins á Eskifirði og eftir fundinn var farið í skoðun út að kvíum við Sigmundarhús. Kristján Ingimarsson var fulltrúi rekstraraðila en Gottskálk Friðgeirsson eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar.

Dagskrá:

1. Farið yfir seinustu eftirlitsskýrslu (2017), frávík og úrbætur
2. Áhættumat til ákvörðunar tíðni eftirlita framvegis, sbr. meðfylgjandi skjal
3. Útsetningar, slátrun og hvíld svæða
4. Farið yfir kröfur í starfsleyfi
5. Aðbúnaður við kvíar skoðaður

Starfsemi hófst árið 2017 í Gripalda en í Sigmundarhúsum árið 2018 og Bjargi árið 2019. Slátrun hófst í Gripalda á árinu 2018 og lauk snemma árs 2019.

Fjallað var um útsetningar seiða, slátrun og hvíld svæði.

Farið var yfir nýja aðferð Umhverfisstofnunar til þess að ákvarða tíðni eftirlits hjá fiskeldisfyrirtækjum. Aðferðin byggir á ákvæði í 57. gr. í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Farið var yfir starfsleyfi, frá 19. janúar 2012 og kröfur sem það setur.

Fyrir skulu liggja áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, neyðaráætlun vegna massadauða eða óvæntrar stöðvunar á rekstri, viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og vöktunaráætlun. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um breytingar í rekstri, um flutning kvía, um upphaf og lok hvíldar á staðsetningu og ef upp koma mengunaróhöpp. Senda skal til Umhverfisstofnunar skýrslur um grænt bókhald, útstreymisbókhald og skýrslu um niðurstöðu vöktunar. Skráningar á eftirlitsþáttum er færðar í tölvukerfi rekstraraðila og unnið upp úr þeim gögnum skýrslur sem skila ber. Í tölvukerfinu FishTalk eru allar upplýsingar um laxinn skráðar frá hrognum til slátrunar og upplýsingarnar þar geymdar til frekari úrvinnslu, bæði til að fylgjast með framgangi eldisins og til þess að gera áætlanir.

Farið var yfir gögn um innkaup og notkun mengandi efna. Engin lyf eru notuð í eldinu. Úrgangur er flokkaður í gáma við höfnina á Djúpavogi og verktaki sér um flutninga á úrganginum til viðurkenndra móttókuaðila.

Allur búnaður virkaði nýr og heillegur og starfsfólk vel að sér um málefni fiskeldisstöðvarinnar.

Þrjú frávík frá kröfum í starfsleyfi voru skráð.

1. Ársyfirlit fyrir 2018 hefur ekki borist.
2. Grænt bókhald og útstreymisbókhald sem á að skila fyrir 1. maí ár hvert barst of seint. Gögnum hefur verið skilað og frávíkinu lokað.
3. Viðbragðsáætlun sem byggir á áhættumati skal aðgengileg eftirlitsaðila. Ljúka þarf vinnu við viðbragðsáætlun og gefa hana út. Verkinu er lokið og frávíkinu hefur verið lokað.

Sjá meðfylgjandi gátlista sem unnin var upp úr niðurstöðum eftirlitsins.

Frávík frá

Lýsing á frávíki

ákvæði í grein 3.3 í starfsleyfi um skýrslur til Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirlit hefur ekki borist.

ákvæði í grein 3.4 í starfsleyfi um grænt bókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald og skila því til eftirlitsaðila fyrir 1. maí árið á eftir. Grænt bókhald barst 16. maí sl. sem er of seint. Frávik er því stofnað en því lokað aftur þar sem grænt bókhald hefur borist.

ákvæði í grein 4.4 í starfsleyfi

Viðbragðsáætlun rekstraraðila skal vera unnin á grundvelli áhættumats sem byggir á skilyrðum í viðauka I B í lögum nr. 33/2005 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Áhættumat rekstraraðila byggði ekki á þessum skilyrðum.

Ný og uppfærð viðbragðsáætlun hefur nú borist sem Umhverfisstofnun samþykkir og því er frávikinu lokað.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að endurskoða þarf vöktunaráætlun, heimfæra hana upp á allar staðsetningar eldisins, og bæta við sýnatökuáætlun fyrir allar staðsetningar.

Þar sem líkur eru á að Laxar ehf. muni á næstu mánuðum bæta við fjórum nýjum staðsetningum með nýju starfsleyfi í firðinum gæti verið hagræði af því að gefa út eina vöktunaráætlun sem nær yfir allar staðsetningar í Reyðarfirði.

Rekstraraðila er bent á hagræði þess að setja dagsetningar og útgáfunúmer á útgefna áætlanir sem notaðar eru. □


ANNÆÐ

Bæklingur um mælanleg umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.11.2019



Gottskálk Friðgeirsson